



Til góðra verka! Orlofssjóður



UMSÓKNARFRESTUR
11. apríl

Orlof 2013

Orlofshús á 10 stöðum um allt land



Orlofssjóður

Stjórn Orlofssjóðs:

Porkell Kolbeins
formaður

Einar Már Kristinsson
meðstjórni

Oddrún Ósk Pálsdóttir
meðstjórni

Lars Jóhann Andrússon
varamaður

Una Sigríður Jónsdóttir
varamaður



1. verðlaun:
Canon IXUS myndavél

Myndasamkeppni

Sumarið 2013

Líkt og fjögur síðustu ár
efnir AFL Starfsgreinafélag
til myndasamkeppni meðal
félagsmanna um bestu myndina af
eða frá sumardvalarstöðum félagsins.

**Veitt verða 13 verðlaun,
ein fyrir hvern stað.**

Verðlaunin:

1. Glæsileg Canon myndavél.
- 2.–13. Helgardvöl í orlofsíbúðum
félagsins á Akureyri og í Reykjavík.

Myndir sendist á myndir@asa.is
í upprunalegri upplausn,
fyrir 2. september 2013.

AFL Starfsgreinafélag áskilur sér
birtingarrétt á öllum innsendum
myndum. Upplýsingar um vinningshafa
verða birtar á heimasíðu félagsins
um miðjan september 2013.

Úthlutunarreglur orlofshúsa AFLs

Orlofshús AFLs Starfsgreinafélags eru
eingöngu til útleigu fyrir félagsmenn AFLs og
gildir þá einu hvort um er að ræða greiðandi
félagsmann, eldri borgara eða öryrkja, svo
framarlega að viðkomandi hafi verið greiðandi
til félagsins þegar hann hvarf af vinnumarkaði.

Orlofshúsin skulu auglýst til sumarleigu eigi
síðar en 15. apríl. Úthlutun skal fara fram eigi
síðar en 15. maí.

Félagsmenn skulu sækja um eina sérstaka viku
og hafa rétt til að tilgreina eina viku til vara
hvort heldur sem er á sama stað eða öðrum.

Sækja skal um á þar til gerðu umsóknarblaði.

Þeir félagsmenn sem ekki hafa fengið
úthlutun síðastliðin þrjú ár hafa forgang.

Ef of margar, jafnréttháar, umsóknir berast um
sömu viku á sama stað skal úrdráttur ráða.

Leigugjald skal greitt eigi síðar en tveimur
vikum eftir úthlutun. Þeim vikum sem ekki
hefur borist greiðsla fyrir innan tveggja vikna
frá úthlutun, skal úthlutað aftur.



AFL Starfsgreinafélag

Miðvangur 2-4
700 Egilsstaðir
s. 4700 300

asa@asa.is • www.asa.is

Til góðra verka!



Til góðra verka! Orlofssjóður

Félagsmenn!

Nú er rétti tíminn til að sækja um
sumarbústað sumarið 2013

Staðir í boði í sumar:

- | | | |
|----|--------------|---------------------|
| 1 | Einarsstaðir | 31. maí – 30. ágúst |
| 2 | Klifabotn | 31. maí – 30. ágúst |
| 3 | Brekkuskógur | 7. júní – 30. ágúst |
| 4 | Reykjaskógur | 7. júní – 23. ágúst |
| 5 | Birkihlíð | 31. maí – 30. ágúst |
| 6 | Ölfusborgir | 7. júní – 23. ágúst |
| 7 | Húsafell | 7. júní – 23. ágúst |
| 8 | Þurranes | 7. júní – 23. ágúst |
| 9 | Glaðheimar | 7. júní – 30. ágúst |
| 10 | Illugastaðir | 31. maí – 30. ágúst |



Umsóknarfrestur er til 11. apríl.
Úthlutun fer fram 15. apríl á skrifstofu
AFLs á Reyðarfirði.

Umsóknir á skrifstofu AFLs eða á www.asa.is



Einarsstaðir á Völlum

Leiga allt árið, úthlutun 31. maí – 30. ágúst.



Einarsstaðir eru á Fljótsdalshéraði, í 12 km fjarlægð frá Egilsstöðum, stutt er inn í Skriðuklaustur og í Hallormsstaðaskóg. Um 100 km eru inn að Kárahnjúkastíflu.

Stærð 45 m², þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.



Svefnaðstaða er fyrir átta manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm með rúmi yfir, í þriðja herberginu er kaja.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, ísskápur, gasgrill (gas fylgir, afgreitt hjá umsjónarmanni), pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. settið, baðhandklæði

fyrir 300 kr. (sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni). Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Leikvellir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu og það fylgja tvær golfkylfur og kúlar hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Lyklar eru í lyklaboxi á húsi, númer á leigusamningi. Umsjónarmaður er Guðni Hermannsson. Sími 861 8310.



Lyklar eru í lyklaboxi á húsi, númer á leigusamningi. Umsjónarmaður er Sveinn Sighvatsson, sími 869 2076.

Klifabotn

Leigt allt árið, úthlutun 31. maí – 30. ágúst.



Klifabotn er við Strandaháls austan við Laxá í Lóni, 30 km austan við Hornafjörð. Stutt er í Lónsöræfi.

Stærð 60 m², þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa, eldhús og forstofa.

Svefnaðstaða. Rúm fyrir átta manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm með rúmi yfir og í þriðja herberginu eru kojur.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavel, gasgrill, ísskápur, barnastóll, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir.

Lín er ekki innfalið en hægt er að fá það leigt fyrir 1.000 kr. settið, handklæði fyrir 300 kr. Lín

er afhent og greitt hjá umsjónarmanni (pantað fyrirfram). Heitur pottur er við bústaðinn.

Þjónusta: Leiksvæði er við húsið. Skemmtilegar gönguleiðir eru á svæðinu. Frá Djúpvaggi er hægt að komast í siglingu út í Papey. Í Hoffelli er hægt að komast í fjór hjólaferðir, hjólabáta og í náttúrulegar. Á vegum Jöklajeppa/ Ís og Ævintýri er hægt að komast í jöklaferðir. Á Hornafirði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, verkstæði, apótek og söfn, má þar nefna Jöklasetrið, steinasafnið Huldusteinn og Byggðarsafnið.



Lyklar eru í Brekkubingi hjá umsjónarmanni, Ormari Þorgrímssyni, símar 486-8801 og 897-8801.

Brekkuskógur

Hús nr. 10, 7. júní – 30. ágúst.



Brekkuskógur í Bláskógabyggð er um 17 km austan við Laugarvatn, í Úthlíð er um 5 km, Reykholt um 12 km, í Skálholt og Laugarás um 20 km, á Flúðir 22 km, stutt er í Gullfoss og Geysi. Á Selfoss eru um 55 km.

Stærð 46 m², tvö svefnherbergi, stofa, forstofa, eldhús, baðherbergi með sturtu, auk svefnlofts.

Svefnaðstaða er fyrir átta. Rúm fyrir fjóra, hjónarúm ásamt barnarúmi í öðru herberginu og kjoja í hinu, fjórar dýnur á svefnlofti.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, borðstofuborð og stólar fyrir 6 manns, barnastóll, eldavél, bakaraofn, örbylgjuofn og ísskápur með litlu frystihólf. Eldhúsáhöld og borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns, lín fylgir ekki, hægt er

að fá það leigt fyrir 900 kr. settið, stórt handklæði fyrir 300 kr. og lítið 200 kr. Heitur pottur er við bústaðina, sólpallur er við húsin ásamt fjórum sólstólum, borði og kolagrilli.

Þjónusta: Í þjónustumiðstöð er sjónvarp, myndbandstæki, bókasafn, salur, þvottavél, gufubað og heitur pottur. Lykill að bústað gengur að gufubaði, sundlaug er í Úthlíð, Reykholti og Laugarvatni. í Laugarási er dýragarðurinn Slakki. Verslanir eru t.d. á Laugarvatni og í Reykholti. Heilsugæsla og apótek er í Laugarási. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsölustaði, matvöruverslanir, apótek, verkstæði ofl.



Lyklar eru í lykklahúsi utan á húsinu, nr. á leigusamningi. Umsjónarmaður er Gunnar Ingvarsson, sími 698-8829.

Reykjaskógur

Gunnarsbraut 2, 7. júní – 30. ágúst



Reykjaskógur í Bláskógabyggð er um 17 km austan við Laugarvatn, í Úthlíð er um 5 km, Reykholt um 12 km, í Skálholt og Laugarás um 20 km, á Flúðir 22 km, stutt er í Gullfoss og Geysi. Á Selfoss eru um 55 km.

Stærð 60 m², tvö svefnherbergi, stofa, eldhúskrókur, anddyri og baðherbergi með sturtu, auk þess er svefnloft yfir hluta hússins.

Svefnaðstaða er fyrir tíu manns, tvíbreitt rúm í öðru herberginu, rúm og koja í hinu, sex dýnur eru á svefnloftinu, auk barnarúms.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél með ofni, gasgrill (gas hjá umsjónarmanni), ísskápur með

frystihólf, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín er ekki innifalið og ekki hægt að fá það leigt. Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Sundlaug er í Úthlíð, Reykholti og Laugarvatni. í Laugarási er dýragarðurinn Slakki. Verlanir eru t.d. á Laugarvatni og í Reykholti. Heilsugæsla og apótek er í Laugarási. Skemmtilegar gönguleiðir eru á svæðinu. Á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, matsölastaði, matvöruverlanir, apótek, heilsugæslu, verkstæði ofl.



Lyklar eru afhentir að Gljúfri hjá Rósu, símar 4834461 og gsm. 863 4461.

Birkihlíð, Gljúfri Ölfusi

31. maí – 30. ágúst.



Birkihlíð er í Gljúfurbústaðahverfinu í Ölfusi. Það eru um 7 km í Hveragerði, á Selfossu eru 10 km og til Reykjavíkur eru 50 km. Stutt er á Þingvöllum, í Strandakirkju, Þorlákshöfn og Eyrarbakka. Fallegar gönguleiðir eru í nágrenninu.

Stærð 84 m², plús 28 fm svefnloft, samtals 112 m², tvö svefnherbergi, stór stofa, borðstofa, eldhús, anddyri og baðherbergi með sturtu.

Svefnaðstaða er fyrir 12, tvöfalt rúm er í stærra herberginu, kofa og rúm sem er ein og hálf breidd í því minna, tvöfaldur svefnsofi er á svefnlofti og fjórar dýnur.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, uppþvottavél, gasgrill (gas fylgir), ísskápur með litlu frystihólf, pottar, pönnur, borðbúnaður fyrir 12, sængur og koddar fyrir átta fylgja. Lín fylgir ekki. Heitur pottur er við bústaðinn.

Þjónusta: Upplýsingar ferðamála í Sunnumörk í Hveragerði. Sundlaug og gufubað að Laugaskarði í um 7 km fjarlægð. Golfvöllur er inni í dal. Í Hveragerði og á Selfossi er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek ofl.



Ölfusborgir

Hús nr. 4, 7. júní – 23. ágúst.



Ölfusborgir eru í þægilegu göngufæri frá Hveragerði. Á Selfoss eru 13 km og til Reykjavíkur eru 45 km. Stutt er á Þingvöllum, í Strandakirkju, Þorlákshöfn og Eyrbakkka.

Stærð 45 m², tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, anddyri og baðherbergi með sturtu.

Svefnaðstaða er fyrir fjóra til fimm, tvöfalt rúm er í stærra herberginu og koja í því minna, ein auka dýna fylgir.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, gasgrill (gas fylgir, afgreitt í Þjónustumiðstöð), ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 800 kr. settið, handklæði og viskastykki fyrir 400 kr.

stykkið. Aukadýna sæng og koddri 700 kr. Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Upplýsingar ferðamála í Sunnumörk í Hveragerði. Sundlaug og gufubað að Laugaskarði í um 2 km fjarlægð. Golfvöllur er inni í dal. Í Hveragerði er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölustaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek ofl.

Lyklar eru í lyklaboxi á húsinu, númer á leigusamningi. Þjónustumiðstöð er opin mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30–16:00 og á föstudögum frá kl. 15:00–20:30. Sími 483-4260.



Lyklar eru afhentir í verslun
hjá Sigríði Snorradóttur,
símar 435-1550 og gsm 862-3071.

Húsafell

Stórarjökur 4, 7. júní – 23. ágúst. / www.husafell.is



Húsafell er í Borgarfirði í um 60 km fjarlægð frá Borgarnesi og 124 km frá Reykjavík. Stutt er í Hraunfossa, Barnafoss og Surtshelli. Reykholt er í um 24 km fjarlægð.


Stærð 53 m², tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu, forstofa og svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns, rúm fyrir fjóra, eitt hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi og annað með koju, barnarúm fylgir og þrjár stórar dýnur eru á svefnlofti.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp og allur almennur eldhúsbúnaður fyrir átta manns, örbylgjuofn, eldavél með bakarofni og ísskápur með litlu frystihólfi, kolagrill. Hægt er að þvo þvott í

sundlaugarbyggingunni. Sængur og koddar fyrir sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. settið, eitt handklæði innifalið. Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Í verslun er hægt að fá helstu nauðsynjar í mat og drykk auk eldsneytis. Sundlaug er á staðnum, fyrir neðan hana eru leiktæki fyrir börn. Í sundlauginni er hægt að fá upplýsingar um gönguleiðir, greiða vallargjald á golfvöll, ofl. Varðeldur er á hverju laugardagskvöldi frá 18. júní til 30. júlí. Nánari upplýsingar um afþreyingu á heimasíðu www.husafell.is



Lyklar og eftirlit með bústaðnum hafa ábúendur í Þurranesi, Ólafur og Ingunn, símar 434 -1556 og 847-8660.

Þurranes

7. júní – 23. ágúst



Þurranes er í Dalabyggð í Dalasýslu. Bústaðurinn stendur í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Um 38 km eru í Búðardal og svipað í Hólmavík. Um 40 km er að Reykhólum.

Stærð 43 m², tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa með eldhúskrök og svefnloft.

Svefnaðstaða er fyrir að minnsta kosti sex manns. Í herbergjunum eru tvíbreið rúm, á svefnlofti eru tvær dýnur og hægt að fá fleiri ef þess er óskað.

Búnaður: Sjónvarp með DVD spilara, útvarp, örbylgjuofn, grillofn og eldunarhellur, kolagrill, ísskápur með litlu frystihólfi, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir að

minnsta kosti sex manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1.500 kr. settið, baðhandklæði 700 kr. Pallur með heitum potti er við húsið.

Þjónusta: Hægt að komast í þvottavél eftir samkomulagi. Ef tjaldað er við húsið er tekið gjald fyrir það. Að Laugum í Sælingsdal eru 15 km, þar er byggðasafn, sundlaug, Edduhótel, ípróttahús og tækjasalur. Á Reykhólum er sundlaug, hlunnindasýning (dúnn, selur ofl.). Í Búðardal og einnig Hólmavík er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsöluastaði, matvöruverslanir, verkstæði, apótek ofl.



Lyklar eru í lykklaskáp utan á húsinu, númer á leigusamningi. Umsjónarmaður er Lárus B. Jónsson, sími 820-1300.

Glaðheimar

7. júní – 23. ágúst.



Glaðheimar eru á Blönduósi. Bústaðurinn er í hvamminum neðan við Þjóðveg 1, 248 km frá Reykjavík og 142 km frá Akureyri. Golfvöllur er í 2 km fjarlægð.

Stærð 56 m², tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa og eldhúskrókur.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns. Í herbergjunum eru tvíbreið rúm, í stofu er tvíbreiður svefnsofi, hægt er að fá dýnur ef óskað er.

Búnaður: Sjónvarp með DVD spilara, útvarp, örbylgjuofn, eldavel, gasgrill, ísskápur, pottar, pönnur, borðbúnaður, sængur og koddar fyrir sex manns fylgir hægt að fá fyrir fleiri ef óskað

er. Lín fylgir ekki, hægt er að fá það leigt fyrir 1.500 kr. settið, handklæði fylgir með. Heitur pottur er við bústaðina.

Þjónusta: Hægt er að komast í þvottavél og þurrkara eftir samkomulagi. Verslun er í göngufæri og einnig sundlaug, matsöluastaðir, verkstæði, apótek, sundlaug og bensínsala, ýmis söfn eru í göngufæri t.d. Heimilisiðnaðarsafnið - Textilsafnið, Laxasetrið, Eyvindarstofa og Hafissetrið með birninum sem gekk á land á Skaga, stutt er í vatnaveiði. Frekari upplýsingar um afþreyingu má nálgast í Upplýsingamiðstöð á tjaldsvæði.



Lyklar og eftirlit með bústaðnum er í Þjónustumiðstöðinni á Illugastöðum hjá Jóni Þóri Óskarssyni, sími 462-6199.

Illugastaðir

Hús nr. 24 og 32, leiga allt árið. Hús nr. 4, 16, 24 og 32, í úthlutun 31. maí – 30. ágúst.



Illugastaðir eru í Fnjóskadal um 10 km innan við Vaglaskóg, til Akureyrar eru 45 km. Stutt er í Goðafoss og Ljósavatn.

Stærð 45 m², tvö svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi með sturtu og lítið anddyri.

Svefnaðstaða er fyrir átta manns, tvíbreitt rúm í öðru herberginu og tvær kojur í hinu. Tvíbreiður sófi er í stofunni. Einnig fást lausar dýnur í þjónustumiðstöð.

Búnaður: Sjónvarp, útvarp, eldavél, ísskápur, örbylgjuofn, gasgrill (gas fylgir, afgreitt í Þjónustumiðstöð), borðbúnaður, sængur og koddar fyrir átta manns fylgir. Lín fylgir ekki en hægt að fá það leigt fyrir 1.000 kr. settið,

handklæði fyrir 300 kr. Heitur pottur er við bústaðina. Heitur pottur er við bústaðinn.

Þjónusta: Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í Þjónustumiðstöðinni, opnun auglást á staðnum. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin. Mini-golf er á svæðinu, golfkylfur og kúlur eru leigðar út í sundlauginni. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Fnjóskadal, hægt er að fá kort í þjónustumiðstöð. Á Akureyri er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matsölastaði, matvöruverslanir, sundlaug, flugsamgöngur, apótek, ofl.

ICE EXPLORER ADVENTURE



Tveir félagsmenn fyrir einn á topp Langjökuls

Skemmtileg ferð fyrir alla fjölskylduna.

Daglegar jöklaferðir allt sumarið upp á topp Langjökuls í Ice Explorer sem er 8 hjóla jöklatrukkur.

Tækið er sérhannað til jöklaferða og tekur 40 farþega.

Félagsmenn fá tilboðið „tveir fyrir einn“ í sumar frá 1. júní - 31. ágúst.

Verðið er kr. 13.700- á mann, þannig að tveir fá ferðina fyrir kr. 13.700-

Hálft gjald fyrir 11-15 ára er kr. 6.850- Ókeypis fyrir 0-11 ára.

Félagsmenn bóka með fyrirvara í síma 588 5555 og sýna félagsskirteini á staðnum.

Verð kr. 13.700-

2 fyrir 1

Hægt er að hitta okkur við Húsafell kl. 12 daglega og fylgja okkur upp að jökulröndinni.

Nánari upplýsingar á heimasíðu ICE
www.adventure.is

Ferðin heitir ICE 6, Ice Explorer Adventure.



Umsjónarmaður er Sveinn Arnar, sími +34 690 262 424.
Sækja þarf lykla á skrifstofu félagsins fyrir brottför.

Torrevieja

La Mata - Spánn / úthlutun hefur átt sér stað

(laus tímabil eru auglýst
sérstaklega m.a. á heimasíðu
AFLs www.asa.is)



Húsið er í hverfinu La Mata, sem er rólegt og gott hverfi í u.þ.b. 10 mín. akstursfjarlægð frá miðbæ Torrevieja. Þar er margskonar þjónusta, vatnsrennibrautagarður, veitingastaðir, diskótek, útmarkaðir og stórir verslunarkjarnar. Frá húsinu er svo innan við 5 mín. gangur á La Mata ströndina sem er ein flottasta ströndin á svæðinu.

Stærð tæpir 80 m², þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Svefnpláss er fyrir átta. Af efri hæð er gengt út á stórar sólbaðssvalir með útsýni út á Miðjarðarhafið. Af neðri hæð er einnig gengt út á góðar svalir. Í garðinum, sem tilheyrir raðhúsalengjunni, er stór sundlaug, tveir tennisvellir, fótboltavöllur og róluvöllur.

Búnaður: Húsgögn, búsáhöld, loftkæling, rúmfatnaður og handklæði fylgja.

Staðsett: Calle Las Mimosas, La Mata, Torrevieja

(Alicante), Spáni (blokk 9, íbúð 9, inngangur á þriðju hæð).

Svæðið og nágrennið. Í nágrenni Torrevieja eru ýmsir áhugaverðir staðir og borgir. Alicanteborg er í um 45 mínútna akstursfjarlægð, en þar er m.a. kastalinn Santa Barbara.

Alicanteflugvöllur er í um 30 mín. akstursfjarlægð en þangað er reglubundið flug frá Íslandi. Til Máraborginnar Murcia er einnig um 45 mín. akstur. Þar gefur að líta sögulegar byggingar og söfn. Stranðbærinn Benidorm er sívinsæll með sínum vatnsrennibrauta- og skemmtigörðum. Eyjan Tabarca er rétt fyrir utan Alicante og eru bátsferðir þangað m.a. frá Torrevieja. Pálmaborgin Elche er næst stærsta borg Alicantehéraðs og þar er hægt að komast í safari með öllu tilheyrandi.



Umsóknir 2013

Síðasti umsóknardagur er 11. apríl 2013.



Umsóknir fyrir sumarið 2013

Tekið er við umsóknum vegna orlofsdvalar í húsum AFLs starfsgreinafélags til og með 11. apríl. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar fyrir.

Úthlutun

Þann 15. apríl fer fram úthlutun á opnum fundi að Búðareyri 1 á Reyðarfirði. Í kjölfarið verða bréf send til allra hvort sem þeir fengu úthlutað eða ekki.

Staðfesting

Staðfesta þarf og greiða fyrir bústaðina fyrir 20. maí annars verða þeir leigðir öðrum.

Umsóknareyðublöð

Aftasta blað bæklingins er umsóknareyðublað. Umsóknareyðublöð fást einnig á skrifstofum AFLs og á heimasíðunni www.asa.is, hægt er að fylla umsóknarblaðið út rafrænt á heimasíðunni og senda í tölvupósti.

Skiptidagar eru á föstudögum

Á leigusamningunum sjálfum eru nánari upplýsingar varðandi komu- og brottfarartíma í hverjum bústað.

Engin gæluðyr

Heimilisdyr eru ekki leyfð í orlofshúsunum eða á orlofssvæðunum.

1. Vegna orlofsíbúða

Endurgreiðsla er því aðeins heimil að eitthvað neðangreindra atriða eigi við:

- Veikindi í fjölskyldu – átt er við maka eða börn eða aðra mjög nákomna ættingja.
- Dauðsfall í fjölskyldu – átt er við foreldra leigutaka, systkini, maka eða börn leigutaka.
- Ófært er á þjóðvegum eða flug fellur niður.

2. Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Ef leiga er afbókuð 5 – 2 virkum dögum áður en leigutímabil hefst er heimilt að endurgreiða leigu að fullu enda tekst að leigja íbúðina aftur.
- Ef leiga er afbókuð 5 – 2 virkum dögum fyrir leigutímabil en ekki tekst að leigja íbúðina aftur – endurgreiðist leiga að frádregnum kr. 2.000-. Sama gildir ef ekki er unnt að endurleigja allt tímabilið – þá endurgreiðist leiga að frádregnum kr. 2.000-.
- Ef leiga er afbókuð innan 2ja virkra daga frá upphafi leigutímabils er heimilt að endurgreiða leiguna að frádregnum kr. 2.000-.
- EKKI er endurgreitt vegna daga leigutímabils er liðnir eru þegar tilkynning um afbókun berst.

3. Aðrar ástæður

- Afbóki félagsmaður íbúðarleigu af ástæðum sem ekki greinir í 1. grein en óskar samt sem áður eftir endurgreiðslu á leiguverði, skal viðkomandi senda skriflegt erindi á framkvæmdastjóra félagsins sem leggur það fyrir stjórn orlofssjóðs á næsta fundi. Sama gildir ef félagsmaður af öðrum ástæðum sættir sig ekki við afgreiðslu starfsmanna félagsins á ósk um endurgreiðslu.

4. Orlofshús


- Sömu reglur gilda vegna leigu orlofshúsa utan úthlutaðra tímabila, s.s. sumar og páska.
- Vegna sumarleigu og leigu um páska er leiguverð endurgreitt berist afbókun minnst 14 dögum áður en leigutímabil hefst enda takist að leigja húsið aftur.
- Afbókun leigu innan 14 daga er heimil ef atriði í grein 1 eiga við, að frádregnum kr. 5.000-

Reglur vegna endurgreiðslu

á leigu vegna afbókunar á orlofsíbúð / orlofshúsi.

- EKKI er endurgreitt vegna helgarleigu þegar afbókun berst eftir kl. 15:00 föstudaginn sem helgarleigan hefst.
- Endurgreiðsla vegna ástæðna sem ekki er getið um í grein 1.a. er óheimil.
- Ósk um endurgreiðslu skal setja fram skriflega eða í tölvupósti og skal fylgja skýring með og vísun í ástæður skv. grein 1.a. Félagið áskilur sér rétt til að kalla eftir læknisvottorðum og/eða vottorði vegagerðar eða annarra gagna ef þurfa þykir.





Eddu Hótel www.hoteledda.is

Gerður var samningur við Eddu hótelin um ódýrari gistingu fyrir félagsmenn. Gistinóttin fyrir tveggja manna herbergi með vaski (án baðs) kostar kr. 7.000- og fást ávísanir þar að lútandi á næstu skrifstofu AFLs.

Bóka þarf gistingu á viðkomandi hóteli og tilgreina að greitt verði með gistimiða. Staðsetning Edduhótela: www.hoteledda.is

FOSSHOTEL

VINALEGRI UM ALLT LAND

Fosshótel www.fosshotel.is

Gerður var samningur við Fosshótel um ódýrari gistingu fyrir félagsmenn. Hægt er að kaupa miða fyrir kr. 8.000- á næstu skrifstofu AFLs. Greiða þarf með tveimur miðum yfir sumarmánuðina 1. júní til 31. ágúst.

Bóka þarf gistingu á viðkomandi Fosshóteli og tilgreina að greitt verði með gistimiðum. Morgunmaturlinninn.

KEAHOTELS

KEAHOTELS www.keahotels.is

Gerður var samningur við KEAHOTELS um ódýrari gistingu. Hægt er að kaupa miða fyrir kr. 9.000- til kr. 23.000-, allt eftir tímabili, staðsetningu og stærð herbergis. Miðinn telst greiðsla fyrir gistingu. Bóka þarf gistingu í gegnum síma 460-2000 og tilgreina að greitt verði með gistimiða, miðann má nálgast á skrifstofum félagsins. Morgunmaturlinninn.

Gistihús Keflavíkur

Gerður var samningur við Gistihús Keflavíkur um gistingu fyrir þá sem eru á leið erlendis.

Sumarverð: Gisting fyrir einn kr. 9.500-, fyrir tvo kr. 12.500-, fyrir þrjá kr. 15.500-, fyrir fjóra kr. 17.500-, fyrir fimm kr. 20.500- og fyrir sex kr. 23.900-.

Vetrarverð: Gisting fyrir einn kr. 7.500-, fyrir tvo kr. 9.000-, fyrir þrjá kr. 10.500-, fyrir fjóra 12.000-, fyrir fimm kr. 13.500- og fyrir sex kr. 15.000-.

Aðrir orlofskostir

og afslættir sem nýtast vel í fríinu.



Spalarmiðar

Félagið hefur gert samning um ódýrari ferðir í gegnum Hvalfjarðargöng. Félagsmaður getur komið við á næstu skrifstofu AFLs og keypt sér miða í göngin á kr. 500- stykkið.

Ferðaskrifstofa Austurlands

Félagið niðurgreiðir bókunargjald ferða um 50%, og kr. 7.500.- af fargjaldi fyrir fyrstu 100 bókanirnar.

www.fatravel.is



Veidikort

Veidikort verða niðurgreiðt til félagsmanna, hægt verður að fá þau fyrir kr. 4.000- á næstu skrifstofu AFLs www.veidikortid.is





Jarðböðin við Mývatn www.jarbodin.is.
Félagsmenn í AFLi og fjölskyldur þeirra fá 15% afslátt af aðgangseyri (ekki veitingum).

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN



Aðrir orlofskostir

og afslættir sem nýtast vel í fríinu.



Útilegukort

www.utilegukort.is
Félagið niðurgreiðir útilegukort til félagsmanna og eru þau seld á kr. 10.000- á næstu skrifstofu AFLs. Útilegukortið er ætlað til nota á tjaldstæðum víðsvegar um landið.

Tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi

Félagið niðurgreiðir leigu á hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum til félagsmanna um kr. 10.000.- gegn framvísun á löggildri kvittun frá leigusala.

Gert er skilyrði um að leigusalinn sé fyrirtæki eða einstaklingur sem hefur það að starfssemi að bjóða upp á leigu á tjaldvögnum, fellihýsum og hjólhýsum.

Munið að sýna félagskírteini þar sem afsláttur er veittur.



Við höfum öll miklar væntingar til sumarleyfisins og ekki síst þegar fara á í sumarhús eða tjaldferðalag. Og þannig er það einnig með aðra meðlimi fjölskyldunnar – væntingarnar eru miklar.

Því miður kemur fyrir að minningar um sumarleyfið eru ekki eins góðar og að var stefnt og hér ætlum við í örstuttu máli að tæpa á nokkrum atriðum sem ber að varast og kannski einhverjum atriðum sem geta hjálpað til við að gera fríið eins gott og unnt er.

Sumarfrí - eintóm sæla eða hvað?

Góð ráð þegar halda skal í sumarfrí.

1. Fríið er frí allra í fjölskyldunni. Börn og unglingar hafa oft miklar væntingar til sumarleyfisins.
2. Verum jákvæð – tökum góða skapið með en skiljum vinnuna og áhyggjurnar eftir heima.
3. Það eru yfirleitt langir áfangar þegar Austfirðingar fara í frí í aðra landshluta. Reiknum okkur góðan tíma og tökum daginn snemma. Við skulum reikna með að stoppa oft en ekki og ekki spillir að hafa bolta eða sundföt til taks til að koma yngri kynslóðinni á smáhreyfingu þegar við á.
4. Tökum með okkur nesti á lengri ferðum. Það bæði sparar peninga því það er dýrt að fæða alla fjölskylduna í þjóðvegaverslunum – og svo eru það góðar samverustundir að snæða nesti saman á fallegum stað.
5. Munum að þegar 2 – 5 manneskjur (börn eru líka manneskjur) eru lokuð saman inni í litlu rými í bíl í heilan dag án þess að nokkur hafi möguleika á að draga sig í hlé og fá næði – verðum við að taka tillit til allra. Ferðalagið verður skemmtilegra þegar allir eru í góðu skapi og það er vel þess virði að syngja „Atti

katti nóa“ fimmtíu sinnum ef það þýðir að aftursætisfarþegarnir koma sælir og kátir í áfangastað.

6. Við erum kannski ekki vön því að eyða heilum dögum í svo mikilli nærveru við maka og börn eins og gerist í sumarfríum – það er ekki sjálfgefið að allir séu alltaf í góðu skapi. Við þurfum að vera meðvituð um þetta.
7. Sumarfrí er uppeldi og kennsla. Ekki með skipulegum kennslustundum heldur með fordæmi og hegðun. Ef við viljum að börnin séu tillitssöm – skulum við taka tillit til þeirra og þeirra óska. Við getum líka haft mikil áhrif á það hvernig börnin okkar upplifa frí og áfengi – ef áfengisneysla okkar er mikil í sumarleyfum erum við að kenna börnunum að áfengi sé nauðsynlegt til að skemmta sér. Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna.

8. Áfengi getur verið gott í hófi fyrir þá sem með kunna að fara. En áfengi hefur líka spilt sumarleyfum fyrir fleirum en rígingar og vond veður.

9. Samverustundir sem lifa í minningunni eru ekki endilega þær sem mest er haft fyrir og kosta mest. Að spila Olsen Olsen við pabba og mömmu í hálf tíma er kannski mun merkilegri stund en margt það sem mikið er í lagt og kostar mikið.

Við getum rifjað upp okkar bestu minningar úr eigin æsku og reynt að læra af því. Við getum líka rifjað upp slæmar minningar ef við eigum þannig – og þar er vitin til að varast. Góðu minningarnar eru til leiðbeiningar um það mikilvæga í lífinu.

Góða ferð og
góða skemmtun!





Myndasamkeppni

Sumarið 2012




Myndasamkeppni AFLs Starfsgreinafélags 2012 skilaði ágætum árangri. Innsendar myndir voru þó heldur færri en vonir stóðu til, ekki bárust myndir frá öllum orlofssvæðum, hér að ofan má sjá nokkrar myndanna sem bárust í keppnina á síðasta ári.

Vekjum athygli á því að til að vinna þau glæsilegu verðlaun sem í boði eru í ár verður myndefnið að vera fjölskyldan og orlofshúsið – orlofssvæðið.

Það eykur mjög líkur myndar til verðlauna ef hún dregur fram á jákvæðan hátt kosti orlofshússins eða svæðisins, ekki er verra ef

myndin undirstrikar ánægju fjölskyldunnar af samveru í orlofi. Ekki er nauðsynlegt að stilla allri fjölskyldunni upp, láta heldur hugmyndaflugið ráða ferðinni. Ekki er heldur nauðsynlegt að vera með úrvals myndavél því oft er hægt að fanga skemmtileg augnablik á einfaldar vélar. Sendu endilega inn myndina þína og láttu á það reyna hvort hún sé vinningsmynd.



Myndir sendist á myndir@asa.is í upprunalegri upplausn, fyrir 2. september 2013.

AFL Starfsgreinafélag áskilur sér birtingarrétt á öllum innsendum myndum. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á heimasíðu félagsins www.asa.is um miðjan september 2013.

Myndasamkeppni 2013

Sumarið 2013

efnir AFL Starfsgreinafélag til myndasamkeppni um bestu myndina af eða frá sumardvalarstöðum félagsins.

Veitt verða 13 verðlaun, ein fyrir hvern stað.

Verðlaunin:

1. Glæsileg Canon myndavél.
- 2.–13. Helgardvöl í orlofsbúðum félagsins á Akureyri og í Reykjavík.



1. verðlaun:
Canon IXUS myndavél

**Erla Jónsdóttir**

Egilsstaðir / Reyðarfjörður
sími: 470 0321
farsími: 864 4954

**Gosia Libera**

Eskifjörður / Reyðarfjörður
sími: 470 0312
farsími: 845 1666

**Guðbjörg Ómarsdóttir**

Höfn
sími: 470 0319
farsími: 891 7174

**Guðrún Aradóttir**

Djúpivogur
sími: 470 0317
farsími: 861 4226

**Gunnar Smári Guðmundsson**

Vopnafjörður
sími: 470-0303
farsími: 861-3054

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

Neskaupstaður
sími: 470 0306
farsími: 868 8942

**Karen Erla Erlingsdóttir**

Egilsstaðir
sími: 470 0320
farsími: 846 0994

**Kristín Hannesdóttir**

Breiðdalsvík
farsími: 846 0994

**Lilja Björk Ívarsdóttir**

Seyðisfjörður / Egilsstaðir
sími: 470 0305
farsími: 869 7377

**Sigurbjörg Kristmundsdóttir**

Fáskrúðsfjörður / Reyðarfjörður
sími: 470 0309
farsími: 868 5735

Starfsfólk AFLs

Til að hjálpa þér, til góðra verka.

**Sverrir Mar Albertsson**

Egilsstaðir / Reyðarfjörður
sími: 470 0302
farsími: 891 7058

**Valborg Jónsdóttir**

Reyðarfjörður
sími: 470 0314
farsími: 893 7565

**Gyða Vigfúsdóttir**

Egilsstaðir
sími: 470 0304
farsími: 865 6622

**Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir**

Höfn
sími: 470 0301
farsími: 894 5058

**Þorkell Kolbeins**

Höfn
sími: 470 0318
farsími: 893 6042



Djúpivogur

765 - Mörk 12
sími: 470 0317
fax: 478 8143



Neskaupstaður

740 - Egilsbraut 11
sími: 470 0306
fax: 477 1227



Egilsstaðir

700 - Miðvangi 2-4
sími: 470 0304
fax: 471 2247



Reyðarfjörður

730 - Búðareyri 1
sími: 470 0310
fax: 474 1186



Eskifjörður

735 - Strandgötu 53
sími: 470 0307
fax: 476 1565



Seyðisfjörður

710 - Austurvegi 4
sími: 470 0305
fax: 472 1370



Hornafjörður

780 - Víkurbraut 4
sími: 470 0318
fax: 478 1538



Vopnafjörður

690 - Lónabraut 4
sími: 470 0303
fax: 473 1493

Starfsstöðvar AFLs

á 8 stöðum um allt Austurland.



Til góðra verka!

Póstáritun:

AFL Starfsgreinafélag
Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum

Aðalsímanúmer félagsins:

4 700 300

Bankaupplýsingar:

Vegna greiðslu
orlofshúsa/íbúða
bn.175-26-5090
kt. 560101-3090



Nýtt hús á Illugastöðum

Félagið hefur fest kaup á nýju sumarhúsi að Illugastöðum í Fnjóskadal og á því orðið tvö hús þar. Yfir sumarmánuðina er félagið einnig með tvö skiptihús á Illugastöðum og hefur félagið því yfir fjórum bústöðum að ráða þar í sumar. Réð mestu um kaupin hversu geysivinsæll dvalarstaður Illugastaðir í Fnjóskadal hefur verið hjá félagsmönnum AFLs, enda yndislegur dvalarstaður.

Einarsstaðir

Eftir að framkvæmdum lauk á Einarstöðum, lagningu hitaveitu, stækkun palla og tilkomu heitra potta við hvert hús getur félagið státað að því að bjóða uppá heitan pott við öll hús félagsins og þau hús sem það hefur til umræða. Í kjölfar framkvæmdanna hefur aðsóknin stórauðist, enda telja félagsmenn að heitur pottur auki mjög gildi dvalarinnar ásamt því að nú er vel heitt í öllum húsum og auðvelt að auka hita ef þess er óskað.

Fréttir



Sumarhús

Á Einarstöðum á félagið 19 hús, tvö í Klifabotni í Lóni, tvö á Illugastöðum og eru því sumarhús félagsins orðin 23 talsins. Reynslan hefur sýnt að félagsmenn hafa heldur viljað dvelja á Einarstöðum eða í Klifabotni yfir vetrarmánuðina, það er nær heimahögunum, en dreifðar um landið yfir sumarmánuðina. Félagið hefur komið til móts við þessar óskir með því að skipta út hluta húsanna á Einarstöðum og öðru húsinu í Klifabotni fyrir hús vítt og breitt um landið. Félagið býður því uppá sumarbústaði á 10 stöðum á landinu í sumar.

Umsóknareyðublað

Nafn:

Kennitala:

Heimili:

Staður:

Póstnúmer:

Heimasími:

Farsími:

Netfang:

Vinnustaður:

Vinnusími:

Vika sem óskað er eftir:

Dvalarstaður:

Vika til vara:

Dvalarstaður:

Dagsetning:

Undirskrift umsækjanda:



Umsókn um orlofsdvöl



Orlofssjóður

Starfsfólk AFLs sem hefur umsjón með orlofshúsum:

Lilja Björk Ívarsdóttir

sími: 4700 305 • lilja@asa.is

Gunnar Smári Guðmundsson

sími: 4700 303 • gunnar@asa.is

Umsóknareyðublaðið fást einnig á skrifstofum AFLs og á heimasíðu félagsins www.asa.is, undir hlekknum „umsóknir og eyðublað“.

Hægt er að fylla umsóknareyðublaðið út á vefnum og senda í tölvupósti, prenta út og senda í pósti, með faxi í númer 472 1370 eða skila því á næstu skrifstofu félagsins.

Leiguverð orlofshúsa 2013

Hús á Íslandi leigist á kr. 22.000- vikan, frá föstudegi til föstudags.

Hús á Spáni kr. 54.000- tveggja vikna tímabil, skiptidagar á þriðjudögum.

Umsóknarfrestur og úthlutun

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl.

Úthlutun fer fram 15. apríl á skrifstofu AFLs á Reyðarfirði.



Umsókn sendist á:

AFL starfsgreinafélag

Austurvegi 4

710 Seyðisfirði



Til góðra verka! Orlofssjóður



Orlof 2013